

1864.

30. júní.

**55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um bústað sýslumannsins í Norðurmúlasýslu.**

Útaf þeim tillögum yðar, herra amtmaður, í bréfi 18. febrúarm. þ. á., að O. Smith, sýslumanni í Norðurmúlasýslu, verði leyft að hafa bústað sinn á Vestdalseyri, sem svo er nefnd, í grennd við verzlunarstaðinn á Seyðisfirði, er sá staður sè haganlega settur fyrir allan þorra sýslubúanna, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörði það, að frá stjórnarráðsins hálfu er ekkert þessu til fyrirstöðu.

**56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun á kaupverði fyrir hús.**

30. júní.

Með bréfi 18. febrúarm. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent dómsmálastjórninni bréf frá þorsteini kanselliráði Jónssyni, sýslumanni í Þingeyjar sýslu; skýrir hann þar frá, að hann hafi gjört kaupsamning við Schulesen heitinn kammerráð, um íbúðarhús nokkurt í Húsavík, er hinn síðar nefndi átti; hafi hann í samningi þessum skuldbundið sig til að borga til ýmsra ómyndugra í sýslunni, er áttu í höndum Schulesens hærumbil 500 rd., helminginn af þeim 1000 rd. af kaupverðinu, er eptir stæðu 31. dag desemberm. 1863, og leitar hann nú úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort hann megi borga það, sem þannig er eptir af kaupverðinu, á þann hátt, sem áskilið er í samningnum, án tillits til skulda þeirra, er ef til vill kunní að hvíla á dánarbúi Schulesens kammerráðs; hafið þér, herra amtmaður, lýst því yfir, að þér eptir atvikum málsins getið ekki betur sèð, en að eptirstöðvarnar af kaupverði því, sem hér er um rætt, eigi að borgast inn í búðið og teljast með tekjum þess, en aptur á móti beri að lýsa eptir kröfum hinna ómyndugu í búinu á sama hátt og öðrum skuldum, og muni þá hinir ómyndugu ekki bíða neitt